
F U N D A R G E R Ð

Fundur:	Raforkuhópur 2005-01
Fundartími:	Þriðjudagur 8. febrúar 2005 kl. 13:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Skipan hópsins og starfshættir. 2) Breyttir starfshættir í ljósi skipulagsbreytinga. 3) Áætlun ársins. 4) Raforkunotkun ársins 2004. 5) Notkunarflokkar raforku 2004 og gögn um afl. 6) Frágangur skýrslu um raforkuspá 2004 og almennar forsendur. 7) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Eymundur Sigurðsson Ívar Þorsteinsson Pétur E. Þórðarson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Agnar Árnason

- 1) JV fór yfir skipan hópsins en eftirtaldir hafa verið skipaðir í hann:
- | | |
|--------------------------|---------------------|
| Landsnet: | Eymundur Sigurðsson |
| Norðurorka: | Agnar Árnason |
| Orkustofnun: | Ívar Þorsteinsson |
| Rafmagnsveitur ríkisins: | Pétur E. Þórðarson |

Orkuveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja og Orkubú Vestfjarða hafa ekki skipað fulltrúa og Árni Ragnarsson ætlar að hafa samband við þá um það.

- 2) JV sagði að nýtt skipulag kallaði á vissa breytingar í starfinu. Hann nefndi sem dæmi aukið umfang flutningskerfisins sem kallar á að greina notkun niður á mun fleiri úttaksstaði í kerfinu en áður. PEP sagði að komnar væru núna mælingar á alla úttaksstaði kerfisins. ÍP sagði að gögn þyrftu að vera tilbúin í september vegna skýrslu ráðherra til Alþingis. ES og ÍP ætla að fara yfir fyrir næsta fund þær breytingar sem nýtt skipulag kallar á vegna þarfa Landsnet og eftirlitsaðilans.

- 3) JV dreifði áætlun fyrir árið sem miðaðist við svipaða vinnu og undanfarin ár. Hann sagði að taxtar mundu hækka núna um áramótin sem ekki kæmi fram í skjalinu.
- 4) JV fór yfir töflur um raforkunotkun ársins 2004 sem komnar eru á heimasíðu nefndarinnar. Hann sagði að það vantaði inn nokkrar virkjanir sem PEP sagði að Rarik keypti orku frá. JV mun bæta þeim inn og síðan uppfæra þetta á heimasíðunni. JV benti á hvort ekki væri eðlilegt að breyta úrvinnslu hjá okkur og t.d. taka saman uppgjör eftir landshlutum fremur en eftir veitum. Fundarmenn voru sammála því.
- 5) Rætt var um skyldur dreifiveitna til að skila inn gögnum svo sem notkun eftir notkunarflokkum. JV lagði áherslu á að breyta ekki skilgreiningum á notkunarflokkunum þar sem slíkt mundi kalla á erfiðleika í gagnasöfnun í mörg ár. PEP ætlar að athuga með notkunarflokka hjá Rarik og IB/JV munu hafa samband við aðrar veitur. IB sagðist vera búinn að biðja Landsnet um aflagögn og Rarik. ES sagðist geta ýtt á að fá þessi gögn ef það gengi erfiðlega.
- 6) JV sagði að ný raforkuspá lægi nánast fyrir, einungis væri eftir að fara yfir hluta af textanum. Ákveðið var að JV gengi frá textanum og sendi hann síðan til fundarmanna til yfirlstrar svo ganga mætti frá þessu á næsta fundi.
- 7) JV benti á nýja útgáfu af almennum forsendum orkuspáa sem væru á heimasíðu nefndarinnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 14:50. Næsti fundur ákveðinn 1. mars 2005.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Vinna Verkfræðistofunnar AFLs fyrir Raforkuhóp Orkusparnefndar á árinu 2005.

Sýnt var á heimasíðu nefndarinnar:

- Töflur um raforkunotkun 2004.